



## Skipulag Vinnuskóla Fjarðabyggðar sumar 2017

Vinnuskólinn verður starfandi frá 06. júní – 18. ágúst.

### Almennt um vinnufyrirkomulagið:

Störf við fegrun og umhverfismál bæjarins 85 %,  
Fræðsla 15 %.

### Vinnutími og laun

*14 ára (árgangur 2003)*

4 heilar vinnuvikur miðað við 4 tíma á dag (80 tímar). Hægt er að velja þær vikur sem henta best innan starfstíma vinnuskólans. Laun eru 40% af launaflokki 116 samkvæmt launatöflu sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

*15 ára (árgangur 2002)*

6 heilar vinnuvikur miðað við 4 tíma á dag (120 tímar). Hægt er að velja þær vikur sem henta best innan starfstíma vinnuskólans. Laun eru 50% af launaflokki 116 samkvæmt launatöflu sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

### Launatafla 2017

Aldur	Laun	Vinna/fræðsla	Vinnutími	Fræðsla
<b>14 ára (2003)</b>	40% launafll. 116	68/12 (80)	8-12	Sjávarútvegsskóli (12-20)
<b>15 ára (2002)</b>	50% launafll. 116	102/18 (120)	8-12	Verknámsvika VA (18-20)

### Vinnutími:

14 ára unglingar vinna 4 tíma á dag í 4 vikur.

15 ára unglingar vinna 4 tíma á dag í 6 vikur.



## Sjávarútvegsskólinn, Verknámsvika VA og Landgræðslan.

### Sjávarútvegsskólinn – 14 ára (2003)

Háskólinn á Akureyri ásamt útgerðarfélagunum Síldarvinnslunni hf., Eskju ehf., Loðnuvinnslunni hf., Síldarvinnslunni hf., Skinney-Pínganes hf., HB Grandi hf. og Gullberg ehf. hafa gert með sér samstarfssaming um rekstur sjávarútvegsskólans. Sjávarútvegsskólinn var árið 2015 samstarfsverkefni Austurbrúar, Vinnuskóla Fjarðabyggðar ásamt útgerðarfélagunum Eskju, Loðnuvinnslunni og Síldarvinnslunni. Skólinn er byggður á fyrirmynd sjávarútvegsskóla Síldarvinnslunnar frá því sumarið 2014. Hlutverk skólans er að fræða unglinga á aldrinum 14 ára (fædd 2003) um mikilvægi sjávarútvegs og kynna þau tækifæri sem í honum felast.

#### Sjávarútvegsskólinn:

- Neskaupstaður → vika 26 (26.júní – 30. júní)
- Eskifjörður og Reyðarfjörður → vika 27 (3. júlí – 7. júlí)
- Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður → vika 28 (10. júlí – 15. júlí)

### Verknámsvika VA – 15 ára (2002)

Síðastliðin sumur hefur verið starfrækt verknámsvika VA fyrir 15 ára nemendur (fæddir 2002) Vinnuskóla Fjarðabyggðar. Verknámsvikan er samstarfsverkefni Verkmenntaskóla Austurlands (VA) og Vinnuskóla Fjarðabyggðar sem gefur nemendum vinnuskólans kost á að kynna sér iðnnám í VA í eina viku á launum í byrjun júní. Með því að nemendur vinni verkefni á verkstæðum skólans má ætla að þeir fá betri kynningu á iðnnámi. Þar með verði þeir líklegri til að mennta sig til starfa sem henta t.d. í sjávar-, iðn- og tæknifyrirtækjum.

Verknámsvikan: Í byrjun júní.

### Önnur fræðsla

Landgræðsla Ríkisins verður með fræðslu á verkefninu „Að lesa landið“. Lagt verður upp með að bæði 14 og 15 ára nemendur taki þátt. Fræðslan fer fram samhliða vinnu sem tengist verkefninu s.s. uppgæðsla, plöntun, sáning o.m.fl. Fræðslan verður í umsjón héraðsfulltrúa Landgræðslunnar á Austurlandi og stendur yfir í einn dag.

Landgræðslan: Innan tímaramma viknanna 25 og 26.

Anna Berg Samúelsdóttir  
Umhverfisstjóri